

Ráðstefna um jarðskjálfta á Norðurlandi

haldin á Húsavík 31.maí-3. júní 2016

Áköf jarðskjálftavirkni fyrir mynni Eyjafjarðar haustið 2012 og á Skjálfandadjúpi í apríl 2013 minntu okkur á hversu virkt jarðskjálftasvæðið á Norðurlandi er. Jarðskjálftar af stærðinni 6-7 nálægt Kópaskeri 1976, í mynni Skagafjarðar 1963, og við Dalvík 1934 gefa okkur hugmynd um hvers má vænta á næstu áratugum, ásamt miklum jarðskjálftum á Skjálfandaflóa 1755 og 1872, í Kelduhverfi 1885 og nærri Siglufirði 1838. Þessi mikla virkni úti fyrir Norðurlandi á svæði sem oft er kallað Tjörnesbrotabeltið er áminning til vísindamanna og yfirvalda um að jarðskjálftavá á Norðurlandi er mikil og á móta þeirri vá sem er á Suðurlandsundirlöndinu.

Þá voru umbrotin í Bárðarbungu og Holuhrauni 2014-2015 mikilvægur gliðnunarátburður syðst í Norðurgosbeltinu sem líklegt er að hafi haft umtalsverðar spennubreytingar í för með sér miklu norðar, m.a. á Tjörnesbrotabeltinu.

Í ljósi samfélagsuppbyggingar á Norðurlandi og til að styrkja byggðina er mikilvægt að fara reglulega yfir stöðu rannsókna á jarðskjálftum í viðleitni okkar til að skilja betur eðli og orsakir þeirra og áhættu byggðar í sambýli við jarðskjálftavá og til að efla viðbúnað gagnvart henni.

Því er boðað til ráðstefnu í byrjun júní 2016 um jarðskjálfta á Norðurlandi. Markmið ráðstefnunnar er að taka stöðuna á rannsóknum á jarðskjálftum á Norðurlandi, orsökum þeirra, eðli, áhrifum og hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna. Meðal efnispáttá á ráðstefnunni verða jarðsaga, skjálftavirkni, plötuhreyfingar, jarðsprungur, sterkhreyfingar, yfirborðsáhrif, jarðskjálftavá, hönnun mannvirkja, skipulagsmál, samfelld vöktun og jarðvareftirlit. Lögð verður áhersla á að móta stefnu um aðgerðir til að draga úr tjóni á fólki og samfélagslegum innviðum vegna stórra skjálfta sem gætu orðið á svæðinu.

Ráðstefnan er framhald vel heppnaðrar ráðstefnu á Húsavík í júní 2013 og gefst nú tækifæri til að taka stöðuna í rannsóknum á svæðinu og horfa til framtíðar. Ráðstefnan verður alþjóðleg þar sem vísindamenn frá mörgum löndum hafa unnið að rannsóknum á svæðinu og skapað mikilvæga þekkingu.

Við leggjum áherslu á að fá til þátttöku í ráðstefnunni þá íslensku og erlendu vísindamenn og verkfræðinga sem mest hafa rannsakað svæðið ásamt því að fá aðila frá sveitastjórnnum, almannavarnanefndum, Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, sem og fólk úr samfélags- og skipulagsfræðum, verkfræðinga og tæknifræðinga sem starfa á svæðinu.

Ráðstefna um jarðskjálfta á Norðurlandi 2016

**Staður og tími: Húsavík 31. maí – 3. júní, frá
þriðjudegi til föstudags**

31. maí, kl. 16:00

Skráning og setning ráðstefnunnar

Fræðsluerindi: Eldsumbrotin í Bárðarbungu og Holuhrauni 2014-2015 (á ensku)

1. júní, kl. 09:00 - 13:00: Rannsóknir á jarðskjálftum, virkni, sprungum og jarðvárefirlit (á ensku)

1. júní, kl. 14:30 - 18:00: Rannsóknir og hagnýting þeirra til þróunar hættumats og jarðvárefirlits (á ensku)

2. júní kl. 09:00 – 13:00: Hættumat, sterkhreyfingar, yfirborðsáhrif, skipulagsmál, hönnun bygginga (á ensku)

2. júní kl. 14:30 – 18:00: Hættumat, fyrirbyggjandi ráðstafanir til langs tíma, jarðvárupplýsingar og viðvaranir til skamms tíma, viðbragðsáætlanir. Hér koma vísindamenn í rannsóknum og jarðvárefirliti til samræðna við almannavarnir, verkfræðinga og sveitastjórnarfólk (á íslensku)

Dagana 1-2. júní er reiknað er með 15 mínútna erindum með 5 mínútna fyrirspurnum í lok hvers erindis.

3. júní, kl. 09:00-13:00: Hluti A: Umræður íslenskra þátttakenda, undirbúningsnefndar o.fl., um stefnumótun og gerð fréttatilkynningar um ráðstefnuna (á íslensku)

3. júní, kl. 09:00 – 13:00: Hluti B: Vinnufundur vísindamanna um verkefni og áætlanir og um samstarf (á ensku)

2. – 3. Júní: Jarðvísindalegar skoðanaferðir. Um Húsavíkursvæðið 2. júní eftir hádegi, mest fyrir erlenda þátttakendur og 3. júní ferð á Þeistareykjasvæðið.

Skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga (hac@hac.is) mun sjá um skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar og veitir ráðgjöf varðandi ferðatilhögun, gistingu o.fl.

Þátttökutilkynning og ágríp af erindum:

Æskilegt er að tilkynna um líklega þátttöku sem fyrst til Þekkingarnets Þingeyinga (hac@hac.is). Ef óskað er eftir að flytja erindi eða sýna veggspjöld þarf að tilkynna það fyrir **10. mars** ásamt nafni framlagsins. Skilafrestur á ágrípum af erindum (gjarnan „langur útdráttur“ með myndum, 3-4 síður) er **1. maí**.

Birting erinda:

Vegna markmiða ráðstefnunnar verða erindi eða „langur útdráttur“ úr þeim birt innan mánaðar í ráðstefnuskýrslu á stafrænu formi. Því er þess óskað að erindi verði send vel yfirlesin á PDF formi, þannig að hægt sé að setja þau beint inn í skýrsluna.

Ráðstefnugjald:

Ráðstefnugjaldið er 70 EUR (10.000 ísl. kr) fyrir hvern þátttakanda. Hægt er að greiða ráðstefnugjaldið með því að leggja inn á reikning 0567-26-1780, kennitala 670803-3330. Ef borgað er erlendis frá er best að greiðslan sé í erlendum gjaldeyri (70 EUR) og þá þarf IBAN númer sem er IS47 0567 26 001780 670803 3330 og einnig þarf að hafa með swift adressu Íslandsbanka sem er GLITISRE. Einnig er hægt að greiða ráðstefnugjaldið á staðnum.

Veitingar:

Boðið verður upp á léttar veitingar í kaffitímum án endurgjalds.

Fyrirspurnir:

Frekari upplýsingar um innihald og markmið ráðstefnunnar gefa:

Ragnar Stefánsson, prófessor emeritus við Háskólann á Akureyri (raha@simnet.is)

Sigurjón Jónsson, dósent við KAUST (sigurjon.jonsson@kaust.edu.sa)

Páll Einarsson, prófessor við Háskóla Íslands (palli@hi.is).

Benedikt Halldórsson, vísindamaður við Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði (skykkur@hi.is)

Aðstandendur ráðstefnunnar eru: Háskólinn á Akureyri, Háskólasjóður KEA, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Veðurstofa Íslands, King Abdullah University of Science and Technology (KAUST), Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði við Háskóla Íslands, Almannaþingardeild Ríkislögreglustjóra, Viðlagatrygging Íslands, Íslenskar Orkurannsóknir (ÍSOR), Þekkingarnet Þingeyinga, Orkustofnun, Innanríkisráðuneytið, Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið og Forsætisráðuneytið